

Biatain Ag sakral umbúðir með límanti

Stærð
23 x 23 cm

Magn
5 stk

Vörunúmer
9641

Nánari upplýsingar veita hjúkrunarfræðingar



Lyngháls 13, 110 Reykjavík
Sími: 520-4316 / 4326
Netfang: coloplast@icepharma.is



www.coloplast.dk

WC0012

Notendaleiðbeiningar



Biatain Ag Sakral

Biatain - Ag



1. Ábendingar

- 1.1 Til meðferðar á þrýstingssár á spjaldhrygg þar sem sár grær seint og/eða illa.
- 1.2 Má nota á illa lyktandi og sýkt þrýstingssár undir eftirliti læknis eða hjúkrunarfræðings.
- 1.3 Notað fyrirbyggjandi til að koma í veg fyrir sýkingar.

2. Notkunarleiðbeiningar: Biatain Ag Sakral

- 2.1 Hlífðarfilma á miðjum umbúðunum er fjarlægð (mynd 1).
- 2.2 Umbúðirnar brotnar saman til hálfis með því að halda um hanskavænu flípana þannig að svamppúðinn snúi að sárinu (mynd 2).
- 2.3 Svamppúðinn á að ná a.m.k. 1 sm út fyrir sárbarma allan hringinn.
- 2.4 Byrjað er á því að festa umbúðirnar neðst, næst endaparmsopi og síðan upp á við (mynd 3).
- 2.5 Hlífðarfilma á öðrum hanskavæna flípanum tekin af, slétt úr umbúðunum þannig að þær sitji vel og án fellinga. Endurtakið hinum megin (mynd 4).
- 2.6 Tryggja má betri festingu með því að hita límkantana með höndunum.
- 2.7 Límkantur umbúðanna má ekki fara fyrir endaparmsopið. Til að komast hjá því má klippa upp í límkantinn (mynd 5).

3. Umbúðir fjarlægðar

- 3.1 Umbúðir togaðar eftir húðinni í átt frá sárinu með annarri hendi. Á sama tíma skal halda við umbúðirnar með hinni hendinni. Þannig teygist á límkantinum og hann losnar frá húðinni án þess að særa hana.
- 3.2 Sárið skolað eftir þörfum (þar sem ekki myndast gel undir umbúðunum er ekki þörf á jafn ýtarlegri hreinsun og þar sem gel myndast undir umbúðum).
- 3.3 Nýjar umbúðir settar á.

4. Tíðni skiptinga

- 5.1 Skipt er á umbúðum þegar klínísk þykir ástæða til.
- 5.2 Má vera á sári í allt að 7 daga.

5. Athugasemdir

- 5.1 Má nota undir þrýstingsumbúðir.
- 5.2 Umbúðir ber að fjarlægja fyrir langtíma geislameðferð.
- 5.3 Má ekki nota með hypoklorit lausnum (t.d. kloramin) eða vetnisperoxíði.
- 5.4 **Biatain** Ag Sakral umbúðir geta valdið litabreytingum í sárinu sem hverfa við hreinsun sársins.


6. Geymslukilyrði

- 8.1 Geymist lárétt við stofuhita.

Mynd 1.



Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4



Mynd 5

